



Til: skipulag@gardabaer.is
Efni: Gálgahraun og Garðahraun neðra. Óskað eftir umsögn. Skipulagslýsing
Upplýsingar: Sent: 30.04.2019 11:03:46 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019040039, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2019040039

Vísað er til bréfs frá Garðabæ, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulagstillögu fyrir Gálgahraun og Garðahraun neðra.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og telur hana vel unna og lýsa vel fyrirhuguðu verkefni um gerð deiliskipulagstillögu fyrir Gálgahraun og Garðahraun neðra. Um er að ræða friðlýst svæði sem setur skipulagsvinnunni ákveðinn ramma og kemur það vel fram í lýsingunni.

Meðfylgjandi eru almennar upplýsingar um sem hafa má til hliðsjónar við frekari vinnslu deiliskipulagsins: Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Einnig vill Náttúrufræðistofnun sérstaklega benda á Fjölrit nr. 54 um Vistgerðir á Íslandi og Fjölrit nr. 55 um Mikilvæg fuglasvæði sjá hér: <https://ni.is/grodur/vistgerdir> ; http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> ; http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

